

Atvinnuvegaráðuneytið

Skúlagata 4

101 Reykjavík

Umsögn send í samráðsgátt

16. febrúar 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.)

Vísað er til máls nr. S-24/2026 sem birt er á Samráðsgátt stjórnvalda og varðar drög að frumvarpi sem er ætlað að innleiða í íslenskan rétt tvær Evróputilskipanir um breytingar á ársreikningatilskipun ESB nr. 2013/34/ESB sem þegar hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

Annars vegar er um að ræða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB hvað varðar breytingar á stærðarviðmiðunum fyrir örfyrirtæki, lítil fyrirtæki, meðalstór fyrirtæki og stór fyrirtæki eða samstæður.

Hins vegar er með frumvarpinu innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/2101 um breytingu á tilskipun nr. 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinna fyrirtækja og útibúa.

Að mati Reikningsskilaráðs virðist sem frumvarpið hafi verið unnið í miklum flýti enda er að finna margar stafsetningarvillur og málvillur í frumvarpinu og væntir Reikningsskilaráð þess að frumvarpið verði lagfært áður en það verður lagt fram.

Að þessu sögðu gerir Reikningsskilaráð eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

Grein 2: Reikningsskilaráð leggur til að f. liður verði svohljóðandi:

f. félög þar sem heildareignir eru umfram 200.000.000 kr. í lok reikningsárs.

Grein 3: Reikningsskilaráð leggur til að skilgreiningar sem er að finna í þýðingu á tilskipun 2021/2101, sjá 3. gr., verði bætt við 2. gr. ÁRL.

Grein 3 a. liður 1. mgr.: Reikningsskilaráð leggur til að a. liður verði svohljóðandi:

- Endanlegt móðurfélag fjölþjóðlegrar samstæðu ef tekjur þess voru umfram 111.000.000.000 kr. tvö samfelld reikningsár samkvæmt samstæðurekstrarreikningi félagsins.

Grein 3 b. liður 1. mgr.: Reikningsskilaráð leggur til að b. liður verði svohljóðandi:

- Sjálfstætt fjölþjóðlegt félag ef tekjur þess voru umfram 111.000.000.000 kr. tvö samfelld reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi félagsins.

Reikningsskilaráð

Grein 3, d. liður 1. mgr.: Reikningsskilaráð leggur til að d. liður verði svohljóðandi:

d. Útibú þess félags sem um getur í a. eða b. lið þessarar greinar, sem fellur ekki undir landslög, skulu semja, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum um félögin sem um getur í a. eða b. lið.

Grein 3, 3. mgr. Reikningsskilaráð leggur til að í stað þess að segja að félög skuli „skila inn skýrslu“ skuli félög „skila skýrslu“.

Grein 6: Reikningsskilaráð leggur til að 1. málslíður 1. mgr. verði svohljóðandi:

Ársreikningum skal skilað til Ársreikningaskrár eins og hér segir:

Grein 6: Í 1. til 5. tl. 6. gr. segir að ársreikningum skuli „skilað þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings“. Í greinargerð um greinina segir að í tengslum við álagningu stjórnvaldssektar skuli; „líta til þess að stjórnendur hafi eðlilegt svigrúm til að skila ársreikningi án þess að til álagningar stjórnvaldssektar komi, til dæmis með því að miða við að stjórnendum [sic] þurfi að skila ársreikningum innan viku eftir þann dag sem aðalfundur var haldinn.“ Að mati Reikningsskilaráðs er óheppilegt að ekki sé samræmi milli lagaákvæðisins og greinargerðarinnar. Ef ætlunin er að veita viku frest til skila á ársreikningi er að mati ráðsins æskilegt að það komi fram í lagagreininni sjálfri.

Að lokum vill Reikningsskilaráð benda á að í frumvarpsdrögum er í 4. og 5. mgr. 3. gr. talað um stjórn og framkvæmdastjóra félags en í íslenskri þýðingu á tilskipun 2021/2101 er talað um aðila stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar.

Reykjavík, 16. febrúar 2026

Jóhanna Á. Jónsdóttir, formaður

Lárus Finnbogason

Signý Magnúsdóttir

Sigurjón G. Geirsson

Sæmundur Valdimarsson